



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2020

Efni: Eftirfylgni og samræming aðgerða í þágu barna og fjölskyldna í kjölfar COVID-19

Fram hefur komið á daglegum upplýsingafundum um kórónuveirufaraldurinn að íslensk stjórnvöld hafa náð tökum á útbreiðslu veirunnar og því ljóst að framundan er afnám ýmissa takmarkana sem hafa haft mikil áhrif á líðan og hagi barna og ungmenna í íslensku samfélagi. Má þar nefna skerðingu skólastarfs, verulegar takmarkanir á íþrótta- og tómstundastarfi, takmarkanir á samneyti barna við vini og skólafélaga, og skert aðgengi þeirra að ýmis konar þjónustu.

Á þessum tímamarki er brýnt að lagt sé mat á áhrif umræddra takmarkana á börn og ungmenni, til lengri og skemmri tíma. Vísbindingar eru um að aukið álag og streita hjá fjölskyldum hafi þegar haft neikvæðar afleiðingar, sem mun væntanlega skýrast frekar þegar opinber þjónusta kemst aftur í eðlilegt horf. Því er mikilvægt að fylgst sé náið með því hvort aukin ásókn verði í tiltekna þjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra með tilheyrandi álagi á stofnanir og starfsfólk og hvort fjöldi og þungi mála aukist í einhverjum tilvikum. Ef svo er þarf að mæta auknu álagi með aðgerðum, til þess að tryggja að unnt sé að mæta uppsafnaðri þjónustuþörf til að fyrirbyggja neikvæð áhrif til lengri tíma. Taka þarf sérstaklega til skoðunar í þessu samhengi heilbrigðisþjónustu við börn, barnavernd, félagsþjónustu og stuðningsþjónustu grunn- og framhaldsskóla við börn sem eru að kljást við ýmiskonar vanda eins og námsörðugleika, skólaforðun, eða eru í áhættuhóp vegna brotthvarfs úr framhaldsskóla. Einnig þarf að skoða sérstaklega hvort málum sem bíða meðferðar fjölskyldudeilda sýslumannsembætta fjölgar á næstu vikum og mánuðum, en þegar er langur biðlisti eftir þeirri þjónustu, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Meðal afleiðinga faraldursins er erfið staða á vinnumarkaði og skyndileg aukning atvinnuleysis sem mun vafalaust hafa alvarleg áhrif á mörg börn. Það á ekki síst við um þau börn sem þegar búa við fátækt og eiga á hættu frekari skerðingu lífsgæða og tækifæra. Í þessu samhengi má ýmislegt læra af fjármálakreppunni og því sem fram hefur komið í könnunum og rannsóknum

um áhrif hennar á ólíka hópa barna. Þá má einnig draga lærdóm af reynslu nágrannaríkjanna en rannsóknir frá Finnlandi hafa sýnt að börn sem alast upp á tímum mikilla efnahagsþrenginga eru í aukinni hættu á að þróa með sér geðrænan vanda. Efling þjónustu við börn á tímum eins og þessum er brýnt samfélagslegt hagsmunamál og mun koma í veg fyrir að vandi barna vaxi og fylgi þeim fram á fullorðinsár.

Mikilvægt er að upplýsinga sé aflað um aðstæður, heilsu og líðan barna í íslensku samfélagi í kjölfar faraldursins, þannig að unnt sé að bregðast tímanlega við og tryggja þannig rétt barna til viðunandi þjónustu og góðra uppeldisaðstæðna. Á heimasíðu Stjórnarráðsins kemur fram að ríkisstjórnin hafi ráðstafað fjármagni til að framkvæma rannsókn á líðan þjóðarinnar á tímum COVID-19, en þar kemur fram að markmiðið sé að meta líðan og lífsgæði þjóðarinnar og möguleg áhrif faraldursins á heilsufar til lengri tíma. Umrædd rannsókn tekur hins vegar eingöngu til einstaklinga 18 ára og eldri og mun því ekki gefa neinar vísbendingar um líðan og lífsgæði barna og ungmenna, sem hafa sætt umtalsverðum takmörkunum og orðið fyrir mikilli röskun á högum og daglegu lífi. Í fréttatilkynningu um rannsóknina kemur fram að væntingar séu um að niðurstöður hennar veiti upplýsingar sem munu nýtast við stefnumótun og forgangsröðun verkefna, en brýnt er afla sambærilegra upplýsinga um aðstæður og líðan barna. Vera má að þær kannanir sem framkvæmdar eru reglulega meðal íslenskra barna geti leitt þetta í ljós með fullnægjandi hætti, en að mati umboðsmanns barna er þó fullt tilefni til þess að kalla rannsakendur á þessu sviði til samráðs, um þau gögn sem afla þarf til þess að fá viðunandi yfirlit yfir stöðu barna, hvort tilefni sé til að ráðast í sambærilega rannsókn meðal barna eða afla upplýsinga um stöðu barna með öðrum hætti.

Ljóst er að málefni barna tilheyra málefnasviðum nokkurra ráðuneyta og því hvetur umboðsmaður barna forsætisráðuneytið til þess að taka forustu í þessum efnum og stuðla þannig að samræmingu og eftirfylgni aðgerða í þágu barna og fjölskyldna í kjölfar kórónuveirufaraldursins.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna